

Sb.

48. Fyrirspurnir.

[45. mál]

I. Til forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Í stjórnarsáttmála er kveðið á um, að skipulag og starfshættir Framkvæmdastofnunar ríkisins verði teknir til endurskoðunar. Er þess að vænta, að sú endurskoðun feli í sér, að horfið verði af þeirri braut að pólitískir aðilar verði útlánastjórar, „kommisarar“, svo sem verið hefur frá upphafi Framkvæmdastofnunar?

II. Til viðskiptaráðherra varðandi launakjör og fríðindi bankastjóra ríkisbankanna o. fl.

Frá Stefáni Jónssyni.

1. Hver eru laun bankastjóra ríkisbankanna? Hvaða hlunninda njóta þeir annarra? Hver ákveður kjör bankastjóranna, risnu þeirra og hlunnindi og á hvaða forsendum er byggt?
2. Hverjar voru risnugreiðslur ríkisbankanna og í hvaða mynd árið 1977? Hver er bilakostur hinna einstöku ríkisbanka og til hvers er hann notaður?

III. Til viðskiptaráðherra varðandi nafnlausar bankabækur.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hversu margar eru nafnlausar bankabækur og hve há upphæð stendur inni á slíkum bókum samtals?

IV. Til heilbrigðis- og tryggingaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Helga F. Seljan og Svövu Jakobsdóttur.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til að koma fæðingarorlofi í það horf, sem áður samþykkt ákvæði til bráðabirgða við lög um atvinnuleysis-tryggingar segja til um?